

## Fyrirspurn

til félags- og vinnumarkaðsráðherra um kærur til úrskurðarnefndar  
velferðarmála vegna fæðingar- og foreldraorlofsmála.

Frá Ásthildi Lóu Þórsdóttur.

1. Hversu margar kærur bárust úrskurðarnefnd velferðarmála frá ársbyrjun 2016 til ársloka 2021 vegna ákvarðana Fæðingarorlofssjóðs eða Vinnumálastofnunar á grundvelli laga um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 144/2020, eða eftir atvikum laga um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, sundurliðað eftir árum?
2. Hversu mörgum umræddra kærumála var vísað frá á þeim grundvelli að viðkomandi stofnun tók mál kæranda til skoðunar á ný á meðan nefndin var með málið til umfjöllunar, sundurliðað eftir árum?
3. Hver var meðalmálsmeðferðartími umræddra kærumála, þ.e. frá því að kæra barst og þar til úrskurður lá fyrir, sundurliðað eftir árum, að undanskildum málum sem var vísað frá á þeim grundvelli að kæra barst eftir að kærufrestur rann út?
4. Í hversu mörgum umræddra kærumála var málsmeðferðartími hjá nefndinni lengri en þrjú mánuðir, sundurliðað eftir árum?
5. Hversu oft hefur Fæðingarorlofssjóður eða Vinnumálastofnun höfðað dómsmál til að fá úrskurði nefndarinnar hnekktt, sundurliðað eftir árum?

Skriflegt svar óskast.